



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2021

R20120040

120

Borgarráð

Starfshópur um Græna plan Reykjavíkurborgar

Hjálögð drög að erindisbréf starfshóps um Græna plan Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er vinna að markvissri innleiðingu þess undir umsjón yfirstjórnar Reykjavíkurborgar. Hópurinn er jafnframt samhæfingar- og samráðsvettvangur innan stjórnsýslu borgarinnar í þeim tilgangi að efla og bæta getu hennar til stefnumótunar og til innleiðingar og samhæfingar á stefnum og áætlunum undir hatti Græna plansins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um Græna plan Reykjavíkurborgar, drög.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um Græna plan Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Græna plan Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn 1. desember 2020. Starfshópi um Græna planið er ætlað að vinna að markvissri innleiðingu og eftirfylgni þess undir umsjón yfirstjórnar Reykjavíkurborgar.

Hlutverk starfshópsins:

- Markviss innleiðing Græna plansins og samhæfing þess við aðrar stefnur og áætlanir Reykjavíkurborgar.
- Kynning og miðlun á Græna planinu.
- Í þeim tilgangi að vinna að markvissri innleiðingu Græna plansins og samhæfingu þess við aðrar stefnur og áætlanir hafi starfshópurinn aðkomu að umbótastarfi í stefnumótun og stefnuframkvæmd í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Í störfum sínum hafi starfshópurinn Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til hliðsjónar og leitist við að vinna að framgangi þeirra og jafnframt að gera það sýnilegt með hvaða hætti Reykjavíkurborg vinnur að þeim.

Helstu verkefni:

- Endurskoðun Græna plansins eftir því sem þurfa þykir sem verði lagt fyrir yfirstjórn og borgarráð.
- Árleg uppfærsla forgangsáðgerða Græna plansins sem verði lagðar fyrir yfirstjórn og borgarráð.
- Ábyrgð á vinnslu og framlagningu ársfjórðungsskýrslna í yfirstjórn og borgarráði um innleiðingu Græna plansins.
- Aðkoma að miðlun og samræmdri kynningaráætlun Græna plansins í samstarfi við samskiptateymi og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fagsvið.
- Styðja við innleiðingu fjármálastefnu eins og við á í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið. Í þeirri vinnu verði áhersla á markmiðasetningu, gerð mælikvarða og tengingu stefna við starfs- og fjárhagsáætlanir.
- Aðkoma að þróun samræmds mælaborðs borgarinnar sem nái m.a. til tölfraeðigrunna í rekstri borgarinnar, borgarvísu borgarvaktar í velferðar- og atvinnumálum og mælikvarða Græna plansins.
- Aðkoma að umbótastarfi í stefnumótun og stefnuframkvæmd, t.a.m. rýni og ráðgjöf vegna endurskoðunar á reglum Reykjavíkurborgar um stefnur og stefnumarkandi áætlanir og vegna könnunar á þekkingu, reynslu og skoðunum innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar hvað varðar stefnumótun og áætlanagerð.

Starfshópin skipa:

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari (formaður)
Fulltrúi atvinnuþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
Fulltrúar fagsviða (5) og kjarnasviða (3).
Starfshópurinn hefur heimild til að skipa verkefnahópa um afmörkuð verkefni.

Verkefnisstjórar:

Svavar Jósefsson verkefnisstjóri stefnumótunar. Gerð verði starfsáætlun fyrir hvert ár.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinnur með yfirstjórn og sviðum Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Starfshópurinn er skipaður til ársloka 2023 og geri tillögur til yfirstjórnar Reykjavíkurborgar eins og við á og upplýsir reglulega um framvindu verkefna.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson